Eldri bekkir grunnskóla og framhaldsskólanemar sækja Kjarvalsstaði heim:

# Gott framtak

## – segja Bergdís og Monika Hrönn, nemar á myndlistabraut í FG

„Flest okkar eru á myndlistabraut og við komum þess vegna til þess að skoða þessa sýningu. Við komum nokkrar ferðir með skólanum og síðan vitaskuld oft á eigin vegum,“ segja Bergdís Örlygsdóttir og Monika Hrönn Ingólfsdóttir, nemar í Fjölbraut í Garðabæ. Undirritaður fékk að fylgja hópnum



Rétt er að mæla með því við fólk að það drífi sig og skoði og taki þátt í þessari skemmtilegu sýningu á Kjarvalsstöðum. Iben Dalgaard ræðir við nemendur í Fjölbraut í Garðabæ. DV-myndir Pjetur



Bergdís Örlygsdóttir skoðar hér sýningu dönsku listakonunnar Iben Dalgaard.

þeirra eftir þar sem hann fékk leiðsögn um sýninguna Líkamsnánd sem er haldin á Kjarvalsstöðum þessa dagana.

Mikilvægur hluti þessarar sýningar er fræðslustarf fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Farið er með hópa um sýninguna, þeir fá leiðsögn, hitta listamenn eða sjá gjörninga. Allir hóparnir taka þátt og ræða við lista- eða fræðimenn.

### Opnar augu fólks

Stelpurnar eru sammála um ágæti þess að nemendur skuli fá tækifæri til þess að kynna sér list með þessum hætti.

„Þetta er mjög gott framtak. Listin er orðin svo stór þáttur í okkar daglega lífi. Hún er notuð á svo fjölbreyttan hátt og getur gagnast einstaklingum á marga vegu. Stutt leiðsögn um svona sýningu getur orðið til þess að opna augu fólks upp á gátt fyrir listinni,“ segir Bergdís og Monika Hrönn bætir við að mjög gaman hafi t.d. verið að fá að hlýða á og ræða við dönsku listakonuna Iben Dalsgaard um list hennar. Þar fái fólk að opna og loka skápum, skoða það sem í þeim er og taka virkilega þátt. Þar bjóðist tækifæri til þess að losna undan formlegheitum hinnar hefðbundnu sýningar þar sem fólk megi bara horfa.

### Auðvitað list

„Auðvitað er þetta list,“ segja þær við efasemdartóni blaðamanns. „Annars er það það besta við listina að hver og einn verður að eiga það við sjálfan sig hvað honum finnst vera list og hvað ekki,“ segja þær stöllur sannfærandi.

Bergdís segist vera tólf tíma á viku í myndlist og teikningu. Hún hefur lokið námi á hönnunarbraut Iðnskólans, segist hafa ætlað að verða iðnhönnuður en frestað því. Hún segist stefna á framhaldsnám í einhverju listtengdu.

Monika er í teikningu og málun, fatsaum, smíði og hönnun. Hún stefnir að því að klára stúdentspróf og reyna svo við Myndlista- og handíðaskólann.



Monika Hrönn Ingólfsdóttir lítur inn í skápinn og bregður í brún.

„Listirnar eru greinilega vinsælar í dag. Myndlista- og handíðabrautin í skólanum hjá okkur var mjög lítil fyrir nokkrum árum. Áður fóru allir í viðskiptafræði en það er að breytast. Nú vilja allir verða tónlistar- eða myndlistarmenn,“ segir Monika og Bergdís bætir við að gríðarleg aðsókn sé nú í Myndlista- og handíðaskólann og fáir komist inn. Skelfilegt sé að aðeins sé einn skóli fyrir nemdendur eins og þær á landinu því þeir sem ekki komist inn í MHÍ verði bara að hætta við þetta nám.

Fjallað er um sýninguna Líkamsnánd á bls. 13. -sv

hin hliðin

Sölvi Blöndal í hljómsveitinni Quarashi:

# Leiðinlegast að róta

„Ég veit ekki eiginlega alveg kom fyrir. Við virðumst hafa hitt á réttan stað í tónlistarsál Íslendinga,“ segir Sölvi Blöndal, einn meðlima „heitu“ hljómsveitarinnar Quarashi sem gerði sér lítið fyrir og seldi um 6 þúsund eintök af fyrstu breiðskífunni sem kom út fyrir síðustu jól. Verður það að teljast mjög góður árangur þar sem unnendur rapptónlistar á Íslandi geta vart talist fleiri en 1–2 þúsund. Áður hafði sveitin gefið út smáskífu auk þess sem hún er meðal flytjenda á plötunni Megasarlög.

Sölvi er sá sem framleiðir tónlist sveitarinnar úr þar til gerðu „galdratæki“ en sá sem þeytir skífurnar er Richard DJ Hauksson. Steinar Orri Fjeldsted er rapparinn ásamt Höskuldi Ólafssyni sem einnig syngur. Þessir fjórir hafa verið í sveitinni frá því hún var stofnuð á vormánuðum 1996. Sölvi segir erfitt að skilgreina tónlistarstefnu þeirra. Hún sé sambland af rappi, rokki og fönki og ætti bara að kallast Quarashi. Og hver veit nema að heimsfrægð bíði handan við hornið...

-bjb

**Fullt nafn:** Sölvi Blöndal.

**Fæðingardagur og ár:** 3. janúar 1975.

**Maki:** Enginn.

**Börn:** Engin.

**Bifreið:** Engin.

**Starf:** Tónlistarmaður.

**Laun:** Lítil sem engin en tóri þó.

**Hefur þú unnið í happdrætti eða lottói?** Einu sinni fékk ég þrjá rétta í lottói en það var ekki til að byggja tónlistarferil á!

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Vinna við mína tónlist og vera í hljóðveri.

**Hvað finnst þér leiðinlegast að gera?** Róta eftir tónleika. Áramótaheitið var að ráða rótara til okkar.

**Uppáhaldsmatur:** Pasta sem ég malla heima hjá mér.

**Uppáhaldsdrykkur:** Minute Maid appelsínusafi.

**Hvaða íþróttamaður stendur fremstur í dag?** Geir Sveinsson, ekki spurning þótt ég sé KR-ingur.

**Uppáhaldstímarit:** Úrval.

**Hver er fallegasta kona sem þú hefur séð?** Ciccolina, þingkonan barmgóða á Ítalíu.

**Ertu hlynntur eða andvígur ríkisstjórninni?** Andvígur.

**Hvaða persónu langar þig mest til að hitta?** Mario Caldato jr.

**Uppáhaldsleikari:** Harry Dean Stanton.

**Uppáhaldsleikkona:** Drew Barrymore.

**Uppáhaldssöngvari:** Páll Óskar.

**Uppáhaldssjórnmálamaður:** Hjörleifur Guttormsson og Vladimir Zhírínovskí.

**Uppáhaldsteiknimyndapersóna:** Ren og Stimpy.

**Uppáhaldssjónvarpsefni:** X-files.

**Uppáhaldsmatsölustaður/veitingahús:** Thaílandi.

**Hvaða bók langar þig mest að lesa?** Catch 22 eftir Joseph Heller.

**Hver útvarpsrásanna finnst þér best?** X-ið.

**Uppáhaldsútvarpsmaður?** Þossi og Simmi.

**Hverja sjónvarpsstöðina horfir þú mest á?** Ríkissjónvarpið.

**Uppáhaldssjónvarpsmaður:** Jón Gnarr.

**Uppáhaldsskemmtistaður/krá:** Keisarinn.

**Uppáhaldsfélag í íþróttum?** KR.

**Stefnir þú að einhverju sérstöku í framtíðinni?** Láta sjálfum mér og öðrum í kringum mig líða vel.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Tókum upp plötu Quarashi, gerðum ekkert annað.



Sölvi Blöndal er heilinn á bak við tónlist Quarashi ef svo má að orði komast. DV-mynd S